

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. nóvember 2001
DAGSETNING

2001110144
TILVÍSUN


Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðarfjárskatt.

Þann 5. nóvember 2001 var embættinu sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um erfðarfjárskatt nr. 83/1994 með síðari breytingum.

Af því tilefni vill ríkisskattstjóri vekja athygli á að haustið 2000 var skipuð nefnd á vegum fjármálaráðuneytisins sem ætlað var að taka lög nr. 83/1994 um erfðarfjárskatt til almennrar endurskoðunar. Tillögur um breytingar á gildandi lögum hafa ekki verið kynntar, enda hefur nefndin ekki formlega lokið störfum. Verður að telja haganlegt að breytingatillaga sú, sem hér er um rætt, komi til skoðunar ásamt niðurstöðu nefndarinnar og verði rædd á þeim vettvangi ásamt öðrum hugsanlegum breytingum sem fyrir dyrum standa á umræddri löggjöf.

Embætti ríkisskattstjóra telur því ekki tímabært að tjá sig efnislega um fyrirbyggjandi frumvarp til breytinga á lögum um erfðarfjárskatt nr. 83/1984 með áorðnum breytingum.

Virðingarfyllt
f. h. ríkisskattstjóra


Ingvar J. Rögnvaldsson


Ásta Kristjánsdóttir